
SAMNINGUR UM VEITINGU
ÁBYRGÐA VEGNA STUÐNINGSLÁNA

milli

SEÐLABANKA ÍSLANDS

og

LANDSBANKANS HF.

24. júní 2020

Eftirfarandi aðilar gera með sér svohljóðandi samning:

Annars vegar:

Seðlabanki Íslands

kt. 560269-4129

Kalkofnsvegi 1,

150 Reykjavík.

(hér eftir „**Seðlabankinn**“)

og

hins vegar:

Landsbankinn hf.,

kt. 471008-0280,

Austurstræti 11,

115 Reykjavík

(hér eftir „**Landsbankinn**“ eða „**bankinn**“)

1. INNGANGUR

- 1.1 Með lögum nr. 38/2020, um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, var mælt fyrir um ríkisábyrgð að fullu eða að hluta af stuðningslánnum sem lánastofnanir veita til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru m.a. vegna samkomutakmarkana og krafna um að starfsemi yrði tímabundið hætt og að settum skilyrðum uppfylltum. Lánastofnun er fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 1.2 Heimildin nær til þess að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs vegna stuðningslána þeirra til minni rekstraraðila sem orðið hafa fyrir verulegu og tímabundnu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, til að standa undir rekstrarkostnaði þeirra. Að teknu tilliti til líklegs heildarfjölda rekstraraðila sem standast skilyrði um tekjufall og sóst gætu eftir stuðningslánnum er talið að stuðningslán með ábyrgð ríkissjóð gætu samtals numið um 40 ma.kr. Ábyrgðunum er ætlað að liðka fyrir aðgangi minni rekstraraðila sem standa frammi fyrir tímabundnum rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins að lausu fé og gera þeim auðveldara um vik að standa straum af rekstrarkostnaði og draga þannig úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig.
- 1.3 Ráðherra var með fyrrnefndum lögum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum, þar á meðal uppgjör ábyrgða. Jafnframt kemur þar fram að í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans skuli greina nánar frá skilyrðum stuðningslána með ábyrgð ríkisins, meðal annars um að lántaki greiði ekki arð eða kaupir eigin hluti á meðan ríkisábyrgðar nýtur við, og skilyrðum sem lánastofnanir skuli uppfylla og hvernig reglubundinni skýrslugjöf lánastofnana skuli háttáð.

- 1.4 Hinn 25. maí 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna stuðningslána þeirra til rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- 1.5 Fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf hinn 29. maí 2020 út reglugerð um stuðningslán nr. 534/2020.
- 1.6 Með vísan til framangreindra lagaákvæða veitti fjármála- og efnahagsráðherra Seðlabankanum umboð með fyrrgreindum samningi til að fara með framkvæmd ábyrgða á stuðningslánum lánastofnana til rekstraraðila, eins og nánar greinir og með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á greiðslum sem kunna að falla á ríkissjóð á grundvelli ábyrgðanna.
- 1.7 Seðlabankanum var með samningi við fjármála- og efnahagsráðherra falið að semja við lánastofnanir um veitingu stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt þeim samningi er gert ráð fyrir að í samningum Seðlabankans við lánastofnanir komi fram að lánastofnanir skuli fara að lögum, reglum og samningum um ábyrgðir ríkissjóðs. Þá skuli í samningunum greint frá skilyrðum fyrir veitingu stuðningslána, uppgjöri ábyrgða og upplýsingagjöf eins og nánar greinir í samningi þessum.
- 1.8 Með samningi þessum er skapaður grundvöllur fyrir því að hrinda ofangreindu efnahagsúrræði vegna kórónaveirufaraldursins í framkvæmd með þeim skilyrðum sem fram koma í fyrrgreindum lagaákvæðum, samningi fjármála- og efnahagsráðherra við Seðlabankann, reglugerð um stuðningslán og samningi þessum milli Seðlabankans og Landsbankans.

2. ÁBYRGÐ RÍKISSJÓÐS

- 2.1 Skipting heildarábyrgðar ríkissjóðs á milli lánastofnana ræðst af samþykktum umsóknum rekstraraðila hjá hverri lánastofnun.
- 2.2 Ríkissjóður ábyrgist að fullu stuðningslán að 10 millj. kr. til hvers rekstraraðila auk vaxta. Ríkissjóður ábyrgist 85% af þeirri fjárhæð stuðningsláns til tiltekins rekstraraðila sem er umfram 10 millj. kr auk vaxta og að hámarki 40 millj.kr auk vaxta.

3. SKILYRÐI FYRIR VEITINGU ÁBYRGÐAR

- 3.1. Heimilt er að veita ábyrgðir vegna stuðningslána til rekstraraðila, sem hófu starfsemi fyrir 1. febrúar 2020 og bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er átt við starfsemi aðila sem greiðir laun skv. 1. og 2. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og er skráður á launagreiðendaskrá, svo og á virðisaukaskattskrá þegar það á við. Stofnanir, byggðasamlög og fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga geta ekki notið ábyrgðar.
- 3.2. Ábyrgðir taka til stuðningslána til rekstraraðila þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 3.2.1. Tekjur rekstraraðila á 60 daga samfelldu tímabili frá 1. mars til 30. september 2020 voru, eða fyrirséð er að þau verði, a.m.k. 40% lægri en á sama 60 daga tímabili 2019. Hafi hann hafið starfsemi svo seint að ekki er unnt að bera saman tekjur hans á sama 60 daga tímabili bæði ár skulu tekjur hans á 60 daga samfelldu tímabili 2020 bornar saman við meðaltekjur hans á 60 dögum frá því hann hóf starfsemi til loka febrúar 2020.
- 3.2.2. Rekstraraðili er ekki í vanskilum við lánastofnun sem hafa staðið lengur en 90 daga.
- 3.2.3. Rekstraraðili er ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga fyrir lok árs 2019 og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattsskýrslum, til Skattsins síðastliðin þrjú ár áður en umsókn barst eða síðan hann hóf starfsemi ef það var síðar. Að auki skal hann, eftir því sem við á og á sama tímabili, hafa staðið skil á ársreikningum, sbr. lög um ársreikninga, nr. 3/2006, upplýst um raunverulega eigendur, sbr. lög nr. 82/2019, og staðið skil á skýrslu um eignarhald á CFC-félagi, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1102/2013, um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum.
- 3.2.4. Rekstraraðili hefur ekki verið tekinn til slita eða bú hans til gjaldþrotaskipta.
- 3.3. Stuðningslán takmarkast við rekstraraðila hvers tekjur á rekstrarárinu 2019 voru að lágmarki 9 millj. kr. og að hámarki 1.200 millj. kr. Hafi hann hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll. Stuðningslán takmarkast jafnframt við rekstraraðila hvers launakostnaður á rekstrarárinu 2019 var a.m.k. 10% af rekstrarkostnaði hans sama ár. Hafi rekstraraðili hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna launa- og rekstrarkostnað þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.
- 3.4. Rekstraraðili skal staðfesta í lánsamningi eða í skuldabréfi að tilgangur lánsins sé að greiða almennan rekstrarkostnað rekstraraðilans og að óheimilt sé að nota stuðningslán til að endurfjármagna eldri lán fyrir gjalddaga eða nota í annað en almennan rekstrarkostnað hans. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast t.a.m. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, húsaleiga, greiðsla gjaldfallinna vaxta og vanskilakostnaðar af öðrum lánnum en stuðningslánum, og gjaldfært viðhald.
- 3.5. Skilyrði ábyrgðar er að rekstraraðili uppfylli hlutlæg viðmið sem fjármála- og efnahagsráðherra skilgreinir í reglugerð nr. 534/2020 um stuðningslán, og gefa tilefni til að ætla að hann verði rekstrarhæfur þegar bein áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru eru liðin hjá.
- 3.6. Rekstraraðili skal, í lánsamningi eða í skuldabréfi við Landsbankann, staðfesta, eftir atvikum með yfirlýsingu endurskoðanda þegar unnt er að afla slíkrar yfirlýsingar, að frá 1. mars 2020 hafi ekki verið greiddur út arður, óumsamdir kaupaukar, keypt eigin hlutabréf eða veitt eða greidd lán til eigenda eða nákominna aðila, eða innt af hendi greiðsla á víkjandi láni fyrir gjalddaga, eða greiddar neinar þær greiðslur til eigenda eða nákominna aðila sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi rekstraraðilans. Hann skal jafnframt skuldbinda sig til þess að svo verði ekki út þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs

nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

4. LÁNSTÍMI, LÁNSKJÖR OG LÁNSFJÁRHÆÐIR

- 4.1. Hámarksfjárhæð á stuðningsláni til einstakra rekstraraðila getur numið allt að 10% af tekjum rekstraraðila á rekstrarárinu 2019, þó að hámarki 40 millj. kr. Hafi rekstraraðili hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.
- 4.2. Stuðningslán með fullri ábyrgð ríkissjóðs er óverðtryggt og ber vexti sem eru jafnháir vöxtum af sjö daga bundnum innlánnum lánastofnana hjá Seðlabanka Íslands hverju sinni. Nemi lánsfjárhæð stuðningsláns hærrí fjárhæð en 10 millj. kr. tekur Landsbankinn ákvörðun um kjör og skilyrði þess og er heimilt að reikna sérstakt álag á fyrrgreinda vexti á þann hluta stuðningsláns sem er hærrí en 10 millj. kr. Lánskjör Landsbankans skulu þó bera þess merki að bankinn ber aðeins hluta áhættu við veitingu stuðningslánsins. Í því skyni að tryggja að stuðningur ríkisins gangi eins og frekast er unnt til rekstraraðila skal bankinn leggja mat á og geta rökstutt að lánskjör séu hagstæðari sökum ábyrgðarinnar, t.a.m. í samanburði við lán sem veitt er án ábyrgðar, og þá jafnframt með vísan til lækkunar stýrivaxta og bankaskatts
- 4.3. Landsbankanum er heimilt að innheimta þóknun, sem skal dregin frá upphæð stuðningsláns við útborgun þess, til að standa undir kostnaði við umsýslu stuðningslána. Fjárhæð hennar skal þó að hámarki vera 2% af höfuðstól stuðningsláns. Landsbankanum er ekki heimilt að taka aðra þóknun eða gjald fyrir afgreiðslu stuðningsláns.
- 4.4. Stuðningslán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Lánstími stuðningslána skal að lágmarki vera 30 mánuðir og er nánar kveðið á um lánstímann í reglugerð nr. 534/2020, um stuðningslán. Rekstraraðili getur fengið allt að fjögur stuðningslán. Stuðningslán til hvers rekstraraðila geta þó samanlagt aldrei orðið hærrí en leiðir af samningi þessum.
- 4.5. Stuðningslán, að meðtöldum uppsöfnuðum vöxtum, skal að jafnaði endurgreitt með 12 jöfnum greiðslum síðustu 12 mánuði lánstímans, með fyrirvara um vanefndarúrræði Landsbankans. Rekstraraðila er heimilt að greiða upp eða inn á stuðningslán án uppgreiðsluþóknunar hvenær sem er á lánstíma. Nákvæmari ákvæði um lánstíma stuðningslána og endurgreiðslu þeirra eru í reglugerð nr. 534/2020, um stuðningslán.

5. OFGREIÐSLA OG RANGAR EÐA ÓFULLNÆGJANDI UPPLÝSINGAR

- 5.1. Hafi rekstraraðili fengið stuðningslán umfram það sem hann átti rétt á ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með áföllnum vöxtum skv. gr. 4.2. Dráttarvextir skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, leggjast á kröfu um endurgreiðslu ef hún er ekki innt af hendi innan eins mánaðar frá því að Landsbankinn krafði rekstraraðila um endurgreiðslu.
- 5.2. Telji Landsbankinn að rekstraraðili hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar svo sektum eða fangelsi geti varðað skal bankinn kæra málið til lögreglu.

6. SKULDBINDINGAR REKSTRARAÐILA OG LANDSBANKANS

- 6.1. Umsókn um stuðningslán skal beint, í gegnum miðlæga þjónustugátt á Ísland.is, til Landsbankans sem aðallánastofnunar rekstraraðila. Landsbankinn telst aðallánastofnun rekstraraðila ef þar var mest velta á innstæðum rekstraraðila síðustu tólf almanaksmánuði, eða þá heilu almanaksmánuði sem hefur starfað hafi hann starfað skemur en tólf almanaksmánuði. Hafi aðallánastofnun rekstraraðila ekki samið við Seðlabanka Íslands skal rekstraraðili velja til hvaða lánastofnunar, sem samið hefur við Seðlabankann, umsókn skuli beint til. Rekstraraðili skal staðfesta við umsókn að hann uppfylli lögbundin skilyrði eftir atvikum eins og þau eru útfærð í reglugerð fjármála- og efnahagsráðherra nr. 534/2020, um stuðningslán, að upplýsingar sem hann skilar og liggja til grundvallar ákvörðun fjárhæðar séu réttar og að honum sé kunnugt um að það geti varðað álagi, sektum eða fangelsi að veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.
- 6.2. Landsbankinn afgreiðir stuðningslán að 10 millj. kr. til rekstraraðila sem fullnægir skilyrðum og ákvarðar fjárhæð þess í samræmi við samning þennan. Landsbankanum er heimilt að veita rekstraraðila hærra stuðningslán ef það samræmist eftir atvikum viðmiðum sem Landsbankinn setur um veitingu slíkra lána á grundvelli samnings þessa. Fallist Landsbankinn á lánaumsókn rekstraraðila fer með útgreiðslu lánsins með sama hætti og varðandi önnur lán bankans gagnvart viðskiptamönnum sínum. Landsbankinn skal senda Seðlabanka Íslands yfirlit og frekari upplýsingar um veitt stuðningslán sem njóta ríkisábyrgðar samkvæmt samningi þessum fyrir lok hvers mánaðar. Nánara verklag og gögn sem fylgja skulu yfirliti um samþykkt stuðningslán með ríkisábyrgð mun Seðlabankinn senda Landsbankanum fyrir lok næsta mánaðar eftir undirritun samnings þessa. Stjórnarsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 140/2012, og lög um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, eiga ekki við um ákvarðanir um veitingu stuðningslána.
- 6.3. Landsbankinn hefur með höndum skjalagerð vegna stuðningslána sem og upplýsingagjöf til rekstraraðila. Skuldabréf vegna stuðningslána geta verið rafræn og skulu þau þá undirrituð með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB, sbr. lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019. Landsbankinn skal tryggja að rekstraraðili sem fengið hefur stuðningslán hafi aðgang að rafrænum kvittunum fyrir afborgunum og uppfærðum upplýsingum um eftirstöðvar og greiðslusögu lánsins á varanlegum miðli.
- 6.4. Landsbankinn skal tryggja eins og mögulegt er að lögbundin og samningsbundin skilyrði séu uppfyllt í tilviki hvers rekstraraðila sem nýtur stuðningsláns með ábyrgð ríkissjóðs í samræmi við samning þennan. Ríkisábyrgð vegna stuðningslána heldur gildi sínu gagnvart Landsbankanum þótt í ljós komi að stuðningslán hafi verið veitt án þess að öll skilyrði fyrir ríkisábyrgð hafi verið uppfyllt enda liggja fyrir staðfesting rekstraraðila samkvæmt ofangreindu og að ekki verði sýnt fram á að Landsbankinn hafi bersýnilega mátt ætla að umsókn byggðist á ófullnægjandi upplýsingum.

7. UPPGIÖR ÁBYRGÐA

- 7.1. Ríkissjóður ber að fullu ábyrgð á tapi af höfuðstól og vöxtum hvers stuðningsláns að 10 m. kr. en 85% sem er umfram 10 millj. kr. og að 40 millj. kr. auk vaxta.
- 7.2. Við greiðslur af hverju stuðningsláni lækkar fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs á viðkomandi stuðningsláni Landsbankans.
- 7.3. Ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Landsbankanum vegna stuðningslána bankans til rekstraraðila á grundvelli samnings þessa er einföld ábyrgð. Landsbankinn skal nýta hefðbundin úrræði til að endurheimta stuðningslán í vanskilum og skal ábyrgð ríkissjóðs verða virk við höfðun máls, þ.e. við birtingu stefnu, vegna vanefnda rekstraraðila á ákvæðum lánessamningsins enda hafi málið verið höfðað innan gildistíma ábyrgðar sbr. grein 4.4. eða með birtingu greiðsluáskorunar sé um skuldabréf er að ræða. Eftir að ábyrgð ríkissjóðs hefur orðið virk við höfðun máls eða birtingu greiðsluáskorunar fellur ábyrgðin ekki niður á meðan innheimtu stuðningsláns er ólokið. Þá hefur heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar og/eða nauðasamningur samkvæmt lögum um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar, ekki áhrif á gildi ábyrgðar ríkissjóðs. Greiðsluskylda ríkissjóðs verður virk gagnvart Landsbankanum þegar innheimta stuðningslánsins er árangurslaus og fullreynt að ekki fáist greiðsla frá lántaka t.d. með árangurslausu fjárnámi. Verði endurheimtur á stuðningsláni eftir að ríkissjóður efnir greiðslu samkvæmt ábyrgðinni á ríkissjóður endurgreiðslukröfu á hendur Landsbankanum í samræmi við ábyrgðarhlutfall. Greiðslur lántaka renna fyrst til greiðslu innheimtukostnaðar, svo til greiðslu vaxta og þá afborgana af höfuðstól.
- 7.4. Landsbankinn skal senda Seðlabankanum formlega tilkynningu um greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart bankanum á grundvelli ábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Gögn um að innheimta stuðningslánsins hafi verið árangurslaus skulu fylgja tilkynningunni.
- 7.5. Uppgjör ábyrgða, þar sem greiðsluskylda ríkissjóðs hefur orðið virk skv. grein 7.3 og 7.4, skal eiga sér stað milli ríkissjóðs og Landsbankans á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 2021.

8. SKIL Á UPPLÝSINGUM OG ÁRANGURSMAT

- 8.1. Landsbankinn mun veita Seðlabankanum reglulega upplýsingar á samræmdu formi, þar sem fram koma lykilupplýsingar um nýtingu úrræðisins, stöðu og þróun lánasafna stuðningslána með ábyrgð ríkissjóð auk lýsigagna. Jafnframt mun Landsbankinn veita Seðlabankanum þær upplýsingar sem Seðlabankinn óskar eftir á hverjum tíma sem nauðsynlegar eru vegna veittra stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs. Seðlabankinn mun vinna samantekt úr þessum skýrslum Landsbankans og láta fjármála- og efnahagsráðuneytinu í té.
- 8.2. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun, á grundvelli upplýsinga sem Seðlabankinn móttækur frá Landsbankanum, birta opinberlega upplýsingar um lántaka sem njóta ábyrgðar, innan 12 mánaða frá því lán með ábyrgð er veitt. Landsbankinn skal varðveita öll gögn vegna stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs í 10 ár.

9. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD

- 9.1. Nefnd sem fjármála- og efnahagsráðherra skipar í samræmi við ákvæði til bráðabirgða II í lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, mun hafa eftirlit með framkvæmd stuðningslána.
- 9.2. Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd stuðningslána bæði frá Seðlabankanum og Landsbankanum. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra mun leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnarsýslulaga.

10. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNING ÞENNAN

- 10.1. Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

11. GILDISTAKA OG ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 11.1. Aðilar munu vinna að því að úrræði það sem samningi þessum er ætlað að koma á gagnist þeim rekstraraðilum sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, þannig að samræmist samningi þessum.
- 11.2. Aðilar skulu sjálfir bera kostnað og útgjöld sem þeir stofna til í tengslum við samning þennan, framkvæmd hans og þær ráðstafanir sem hér um ræðir.
- 11.3. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ákvæði samningsins skulu vera túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við íslensk lög.
- 11.4. Ágreiningsmál sem tengjast samningi þessum lúta lögsögu íslenskra dómstóla og skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 11.5. Samningur þessi inniheldur heildarsamkomulag aðila um samningsefnið og þau úrræði sem um ræðir. Samningurinn gildir frá undirritun.

Samningur þessi er samtals 9 blaðsíður.

Til staðfestu framangreindu og með fullri heimild undirrita aðilar samning þennan.

Reykjavík, 24. júní 2020

f.h. Seðlabanka Íslands

f.h. Landsbankans hf.

SAMNINGUR UM VEITINGU
ÁBYRGÐA VEGNA STUÐNINGSLÁNA

milli

SEÐLABANKA ÍSLANDS

og

ÍSLANDBANKA HF.

23. júní 2020

Eftirfarandi aðilar gera með sér svohljóðandi samning :

Annars vegar:

Seðlabanki Íslands

kt. 560269-4129

Kalkofnsvegi 1,

150 Reykjavík.

(hér eftir „**Seðlabankinn**“)

og

hins vegar:

Íslandsbanki hf.,

kt. 491008-0160,

Hagasmára 3

201 Kópavogur

(hér eftir „**Íslandsbanki**“ eða „**bankinn**“)

1. INNGANGUR

- 1.1 Með lögum nr. 38/2020, um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, var mælt fyrir um ríkisábyrgð að fullu eða að hluta af stuðningslánnum sem lánastofnanir veita til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru m.a. vegna samkomutakmarkana og krafna um að starfsemi yrði tímabundið hætt og að settum skilyrðum uppfylltum. Lánastofnun er fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 1.2 Heimildin nær til þess að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs vegna stuðningslána þeirra til minni rekstraraðila sem orðið hafa fyrir verulegu og tímabundnu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, til að standa undir rekstrarkostnaði þeirra. Að teknu tilliti til líklegs heildarfjölda rekstraraðila sem standast skilyrði um tekjufall og sóst gætu eftir stuðningslánnum er talið að stuðningslán með ábyrgð ríkissjóð gætu samtals numið um 40 ma.kr. Ábyrgðunum er ætlað að liðka fyrir aðgangi minni rekstraraðila sem standa frammi fyrir tímabundnum rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins að lausu fé og gera þeim auðveldara um vik að standa straum af rekstrarkostnaði og draga þannig úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig.
- 1.3 Ráðherra var með fyrrnefndum lögum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum, þar á meðal uppgjör ábyrgða. Jafnframt kemur þar fram að í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans skuli greina nánar frá skilyrðum stuðningslána með ábyrgð ríkisins, meðal annars um að lántaki greiði ekki arð eða kaupi eigin hluti á meðan ríkisábyrgðar nýtur við, og skilyrðum sem lánastofnanir skuli uppfylla og hvernig reglubundinni skýrslugjöf lánastofnana skuli háttáð.

- 1.4 Hinn 25. maí 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna stuðningslána þeirra til rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- 1.5 Fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf hinn 29. maí 2020 út reglugerð um stuðningslán nr. 534/2020.
- 1.6 Með vísan til framangreindra lagaákvæða veitti fjármála- og efnahagsráðherra Seðlabankanum umboð með fyrrgreindum samningi til að fara með framkvæmd ábyrgða á stuðningslánum lánastofnana til rekstraraðila, eins og nánar greinir og með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á greiðslum sem kunna að falla á ríkissjóð á grundvelli ábyrgðanna.
- 1.7 Seðlabankanum var með samningi við fjármála- og efnahagsráðherra falið að semja við lánastofnanir um veitingu stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt þeim samningi er gert ráð fyrir að í samningum Seðlabankans við lánastofnanir komi fram að lánastofnanir skuli fara að lögum, reglum og samningum um ábyrgðir ríkissjóðs. Þá skuli í samningunum greint frá skilyrðum fyrir veitingu stuðningslána, uppgjöri ábyrgða og upplýsingagjöf eins og nánar greinir í samningi þessum.
- 1.8 Með samningi þessum er skapaður grundvöllur fyrir því að hrinda ofangreindu efnahagsúrræði vegna kórónaveirufaraldursins í framkvæmd með þeim skilyrðum sem fram koma í fyrrgreindum lagaákvæðum, samningi fjármála- og efnahagsráðherra við Seðlabankann, reglugerð um stuðningslán og samningi þessum milli Seðlabankans og Íslandsbanka.

2. ÁBYRGÐ RÍKISSJÓÐS

- 2.1 Skipting heildarábyrgðar ríkissjóðs á milli lánastofnana ræðst af samþykktum umsóknum rekstraraðila hjá hverri lánastofnun.
- 2.2 Ríkissjóður ábyrgist að fullu stuðningslán að 10 millj. kr. til hvers rekstraraðila auk vaxta. Ríkissjóður ábyrgist 85% af þeirri fjárhæð stuðningsláns til tiltekins rekstraraðila sem er umfram 10 millj. kr auk vaxta og að hámarki 40 millj.kr

3. SKILYRÐI FYRIR VEITINGU ÁBYRGÐAR

- 3.1. Heimilt er að veita ábyrgðir vegna stuðningslána til rekstraraðila, sem hófu starfsemi fyrir 1. febrúar 2020 og bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er átt við starfsemi aðila sem greiðir laun skv. 1. og 2. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og er skráður á launagreiðendaskrá, svo og á virðisaukaskattskrá þegar það á við. Stofnanir, byggðasamlög og fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga geta ekki notið ábyrgðar.
- 3.2. Ábyrgðir taka til stuðningslána til rekstraraðila þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 3.2.1. Tekjur rekstraraðila á 60 daga samfelldu tímabili frá 1. mars til 30. september 2020 voru, eða fyrirséð er að þau verði, a.m.k. 40% lægri en á sama 60 daga tímabili 2019. Hafi hann hafið starfsemi svo seint að ekki er unnt að bera saman tekjur hans á sama 60 daga tímabili bæði ár skulu tekjur hans á 60 daga samfelldu tímabili 2020 bornar saman við meðaltekjur hans á 60 dögum frá því hann hóf starfsemi til loka febrúar 2020.
- 3.2.2. Rekstraraðili er ekki í vanskilum við lánastofnun sem hafa staðið lengur en 90 daga.
- 3.2.3. Rekstraraðili er ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga fyrir lok árs 2019 og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattsskýrslum, til Skattsins síðastliðin þrjú ár áður en umsókn barst eða síðan hann hóf starfsemi ef það var síðar. Að auki skal hann, eftir því sem við á og á sama tímabili, hafa staðið skil á ársreikningum, sbr. lög um ársreikninga, nr. 3/2006, upplýst um raunverulega eigendur, sbr. lög nr. 82/2019, og staðið skil á skýrslu um eignarhald á CFC-félagi, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1102/2013, um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum.
- 3.2.4. Rekstraraðili hefur ekki verið tekinn til slita eða bú hans til gjaldþrotaskipta.
- 3.3. Stuðningslán takmarkast við rekstraraðila hvers tekjur á rekstrarárinu 2019 voru að lágmarki 9 millj. kr. og að hámarki 1.200 millj. kr. Hafi hann hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll. Stuðningslán takmarkast jafnframt við rekstraraðila hvers launakostnaður á rekstrarárinu 2019 var a.m.k. 10% af rekstrarkostnaði hans sama ár. Hafi rekstraraðili hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna launa- og rekstrarkostnað þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.
- 3.4. Rekstraraðili skal staðfesta að tilgangur lánsins sé að greiða almennan rekstrarkostnað rekstraraðilans og að óheimilt sé að nota stuðningslán til að endurfjármagna eldri lán fyrir gjalddaga eða nota í annað en almennan rekstrarkostnað hans. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast t.a.m. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, húsaleiga, greiðsla gjaldfallinna vaxta og vanskilakostnaðar af öðrum lánnum en stuðningslánum, og gjaldfært viðhald.
- 3.5. Skilyrði ábyrgðar er að rekstraraðili uppfylli hlutlæg viðmið sem fjármála- og efnahagsráðherra skilgreinir í reglugerð nr. 534/2020 um stuðningslán, og gefa tilefni til að ætla að hann verði rekstrarhæfur þegar bein áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru eru liðin hjá.
- 3.6. Rekstraraðili skal staðfesta að frá 1. mars 2020 hafi ekki verið greiddur út arður, óumsamdir kaupaukar, keypt eigin hlutabréf eða veitt eða greidd lán til eigenda eða nákominna aðila, eða innt af hendi greiðsla á víkjandi láni fyrir gjalddaga, eða greiddar neinar þær greiðslur til eigenda eða nákominna aðila sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi rekstraraðilans. Hann skal jafnframt skuldbinda sig til þess að svo verði ekki út þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

4. LÁNSTÍMI, LÁNSKJÖR OG LÁNSFJÁRHÆÐIR

- 4.1. Hámarksfjárhæð á stuðningsláni til einstakra rekstraraðila getur numið allt að 10% af tekjum rekstraraðila á rekstrarárinu 2019, þó að hámarki 40 millj. kr. Hafi rekstraraðili hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.
- 4.2. Stuðningslán með fullri ábyrgð ríkissjóðs er óverðtryggt og ber vexti sem eru jafnháir vöxtum af sjö daga bundnum innlánnum lánastofnana hjá Seðlabanka Íslands hverju sinni. Nemi lánsfjárhæð stuðningsláns hærri fjárhæð en 10 millj. kr. er Íslandsbanka heimilt að reikna hóflegt álag á fyrrgreinda vexti á þann hluta stuðningsláns sem er hærri en 10 millj. kr. Lánskjör Íslandsbanka skulu þó bera þess merki að bankinn ber aðeins hluta áhættu við veitingu stuðningslánsins. Í því skyni að tryggja að stuðningur ríkisins gangi eins og frekast er unnt til rekstraraðila skal bankinn leggja mat á og geta rökstutt að lánskjör séu hagstæðari sökum ábyrgðarinnar, t.a.m. í samanburði við lán sem veitt er án ábyrgðar, og þá jafnframt með vísan til lækkunar stýrivaxta og bankaskatts
- 4.3. Íslandsbanka er heimilt að innheimta þóknun, sem skal dregin frá upphæð stuðningsláns við útborgun þess, til að standa undir kostnaði við umsýslu stuðningslána. Fjárhæð hennar skal þó að hámarki vera 2% af höfuðstól stuðningsláns. Íslandsbanka er ekki heimilt að taka aðra þóknun eða gjald fyrir afgreiðslu stuðningsláns.
- 4.4. Stuðningslán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Lánstími stuðningslána skal að lágmarki vera 30 mánuðir og er nánar kveðið á um lánstímann í reglugerð nr. 534/2020, um stuðningslán. Rekstraraðili getur samtals fengið fjögur stuðningslán. Stuðningslán til hvers rekstraraðila geta þó samanlagt aldrei orðið hærri en leiðir af samningi þessum.
- 4.5. Stuðningslán, að meðtöldum uppsöfnuðum vöxtum, skal að jafnaði endurgreitt með 12 jöfnum greiðslum síðustu 12 mánuði lánstímans, með fyrirvara um vanefndarúrræði Íslandsbanka. Rekstraraðila er heimilt að greiða upp eða inn á stuðningslán án uppgreiðsluþóknunar hvenær sem er á lánstíma. Nákvæmari ákvæði um lánstíma stuðningslána og endurgreiðslu þeirra eru í reglugerð nr. 534/2020, um stuðningslán.

5. OFGREIÐSLA OG RANGAR EÐA ÓFULLNÆGJANDI UPPLÝSINGAR

- 5.1. Hafi rekstraraðili fengið stuðningslán umfram það sem hann átti rétt á ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með áföllnum vöxtum skv. gr. 4.2. Dráttarvextir skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, leggjast á kröfu um endurgreiðslu ef hún er ekki innt af hendi innan eins mánaðar frá því að Íslandsbanki krafði rekstraraðila um endurgreiðslu.
- 5.2. Telji Íslandsbanki að rekstraraðili hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar svo sektum eða fangelsi geti varðað skal bankinn kæra málið til lögreglu.

6. SKULDBINDINGAR REKSTRARAÐILA OG ÍSLANDBANKA

- 6.1. Umsókn um stuðningslán skal beint, í gegnum miðlæga þjónustugátt á Ísland.is, til Íslandsbanka sem aðallánastofnunar rekstraraðila. Íslandsbanki telst aðallánastofnun rekstraraðila ef þar var mest velta á innstæðum rekstraraðila síðustu tólf almanaksmánuði, eða þá heilu almanaksmánuði sem hefur starfað hafi hann starfað skemur en tólf almanaksmánuði. Hafi aðallánastofnun rekstraraðila ekki samið við Seðlabanka Íslands skal rekstraraðili velja til hvaða lánastofnunar, sem samið hefur við Seðlabankann, umsókn skuli beint til. Rekstraraðili skal staðfesta við umsókn að hann uppfylli lögbundin skilyrði eftir atvikum eins og þau eru útfærð í reglugerð fjármála- og efnahagsráðherra nr. 534/2020, um stuðningslán, að upplýsingar sem hann skilar og liggja til grundvallar ákvörðun fjárhæðar séu réttar og að honum sé kunnugt um að það geti varðað álagi, sektum eða fangelsi að veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.
- 6.2. Íslandsbanki afgreiðir stuðningslán að 10 millj. kr. til rekstraraðila sem fullnægir skilyrðum og ákvarðar fjárhæð þess í samræmi við samning þennan. Íslandsbanka er heimilt að veita rekstraraðila herra stuðningslán ef það samræmist eftir atvikum viðmiðum sem Íslandsbanki setur um veitingu slíkra lána á grundvelli samnings þessa. Fallist Íslandsbanki á lánaumsókn rekstraraðila fer með útgreiðslu lánsins með sama hætti og varðandi önnur lán bankans gagnvart viðskiptamönnum sínum. Íslandsbanki skal senda Seðlabanka Íslands yfirlit og frekari upplýsingar um veitt stuðningslán sem njóta ríkisábyrgðar samkvæmt samningi þessum fyrir lok hvers mánaðar. Nánara verklag og gögn sem fylgja skulu yfirliti um samþykkt stuðningslán með ríkisábyrgð mun Seðlabankinn senda Íslandsbanka fyrir lok næsta mánaðar eftir undirritun samnings þessa. Stjórnarsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 140/2012, og lög um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, eiga ekki við um ákvarðanir um veitingu stuðningslána.
- 6.3. Íslandsbanki hefur með höndum skjalagerð vegna stuðningslána sem og upplýsingagjöf til rekstraraðila. Skuldabréf vegna stuðningslána geta verið rafræn og skulu þau þá undirrituð með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB, sbr. lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019. Íslandsbanki skal tryggja að rekstraraðili sem fengið hefur stuðningslán hafi aðgang að rafrænum kvittunum fyrir afborgunum og uppfærðum upplýsingum um eftirstöðvar og greiðslusögu lánsins á varanlegum miðli.
- 6.4. Íslandsbanki skal tryggja eins og mögulegt er að lögbundin og samningsbundin skilyrði séu uppfyllt í tilviki hvers rekstraraðila sem nýtur stuðningsláns með ábyrgð ríkissjóðs í samræmi við samning þennan. Ríkisábyrgð vegna stuðningslána heldur gildi sínu gagnvart Íslandsbanka þótt í ljós komi að stuðningslán hafi verið veitt án þess að öll skilyrði fyrir ríkisábyrgð hafi verið uppfyllt enda liggja fyrir staðfesting rekstraraðila samkvæmt ofangreindu og að ekki verði sýnt fram á að Íslandsbanki hafi bersýnilega mátt ætla að umsókn byggðist á ófullnægjandi upplýsingum.

7. UPPGIÖR ÁBYRGÐA

- 7.1. Ríkissjóður ber að fullu ábyrgð á tapi af höfuðstól og vöxtum hvers stuðningsláns að 10 m. kr. en 85% sem er umfram 10 millj. kr. og að 40 millj. kr. auk vaxta.
- 7.2. Við greiðslur af hverju stuðningsláni lækkar fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs hlutfallslega á viðkomandi stuðningsláni Íslandsbanka.
- 7.3. Ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Íslandsbanka vegna stuðningslána bankans til rekstraraðila á grundvelli samnings þessa er einföld ábyrgð. Íslandsbanki skal nýta hefðbundin úrræði til að endurheimta stuðningslán í vanskilum. Greiðsluskylda ríkissjóðs verður virk gagnvart Íslandsbanka þegar innheimta stuðningslánsins er árangurslaus og fullreynt að ekki fáist greiðsla frá lántaka t.d. með árangurslausu fjárnámi. Verði endurheimtur á stuðningsláni eftir að ríkissjóður efnir greiðslu samkvæmt ábyrgðinni á ríkissjóður endurgreiðslukröfu á hendur Íslandsbanka í samræmi við ábyrgðarhlutfall. Greiðslur lántaka renna fyrst til greiðslu innheimtukostnaðar, svo til greiðslu vaxta og þá afborgana af höfuðstól.
- 7.4. Íslandsbanki skal senda Seðlabankanum formlega tilkynningu um greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart bankanum á grundvelli ábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Gögn um að innheimta stuðningslánsins hafi verið árangurslaus skulu fylgja tilkynningunni.
- 7.5. Uppgjör ábyrgða, þar sem greiðsluskylda ríkissjóðs hefur orðið virk skv. grein 7.3 og 7.4, skal eiga sér stað milli ríkissjóðs og Íslandsbanka á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 2021.

8. SKIL Á UPPLÝSINGUM OG ÁRANGURSMAT

- 8.1. Íslandsbanki mun veita Seðlabankanum reglulega upplýsingar á samræmdu formi, þar sem fram koma lykilupplýsingar um nýtingu úrræðisins, stöðu og þróun lánasafna stuðningslána með ábyrgð ríkissjóð auk lýsigagna. Jafnframt mun Íslandsbanki veita Seðlabankanum þær upplýsingar sem Seðlabankinn óskar eftir á hverjum tíma sem nauðsynlegar eru vegna veittra stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs. Seðlabankinn mun vinna samantekt úr þessum skýrslum Íslandsbanka og láta fjármála- og efnahagsráðuneytinu í té.
- 8.2. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun, á grundvelli upplýsinga sem Seðlabankinn móttækur frá Íslandsbanka, birta opinberlega upplýsingar um lántaka sem njóta ábyrgðar, innan 12 mánaða frá því lán með ábyrgð er veitt. Íslandsbanki skal varðveita öll gögn vegna stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs í 7 ár.

9. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD

- 9.1. Nefnd sem fjármála- og efnahagsráðherra skipar í samræmi við ákvæði til bráðabirgða II í lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, mun hafa eftirlit með framkvæmd stuðningslána.
- 9.2. Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd stuðningslána bæði frá Seðlabankanum og Íslandsbanka. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra mun leggja

skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnarsýslulaga.

10. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNING ÞENNA

10.1. Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

11. GILDISTAKA OG ÖNNUR ÁKVÆÐI

11.1. Aðilar munu vinna að því að úrræði það sem samningi þessum er ætlað að koma á gagnist þeim rekstraraðilum sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, þannig að samræmist samningi þessum.

11.2. Aðilar skulu sjálfir bera kostnað og útgjöld sem þeir stofna til í tengslum við samning þennan, framkvæmd hans og þær ráðstafanir sem hér um ræðir.

11.3. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ákvæði samningsins skulu vera túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við íslensk lög.

11.4. Ágreiningsmál sem tengjast samningi þessum lúta lögsögu íslenskra dómstóla og skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11.5. Samningur þessi inniheldur heildarsamkomulag aðila um samningsefnið og þau úrræði sem um ræðir. Samningurinn gildir frá undirritun.

Samningur þessi er samtals 9 blaðsíður.

Til staðfestu framangreindu og með fullri heimild undirrita aðilar samning þennan.

Reykjavík, 23. júní 2020

f.h. Seðlabanka Íslands

f.h. Íslandsbanka hf.

SAMNINGUR UM VEITINGU
ÁBYRGÐA VEGNA STUÐNINGSLÁNA

milli

SEÐLABANKA ÍSLANDS

og

ARION BANKA HF.

19. júní 2020

Eftirfarandi aðilar gera með sér svohljóðandi samning :

Annars vegar:

Seðlabanki Íslands

kt. 560269-4129

Kalkofnsvegi 1,

150 Reykjavík.

(hér eftir „**Seðlabankinn**“)

og

hins vegar:

Arion banki hf.,

kt. 581008-0150,

Borgartúni 19,

105 Reykjavík

(hér eftir „**Arion banki**“ eða „**bankinn**“)

1. INNGANGUR

- 1.1 Með lögum nr. 38/2020, um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, var mælt fyrir um ríkisábyrgð að fullu eða að hluta af stuðningslánnum sem lánastofnanir veita til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru m.a. vegna samkomutakmarkana og krafna um að starfsemi yrði tímabundið hætt og að settum skilyrðum uppfylltum. Lánastofnun er fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 1.2 Heimildin nær til þess að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs vegna stuðningslána þeirra til minni rekstraraðila sem orðið hafa fyrir verulegu og tímabundnu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, til að standa undir rekstrarkostnaði þeirra. Að teknu tilliti til líklegs heildarfjölda rekstraraðila sem standast skilyrði um tekjufall og sóst gætu eftir stuðningslánnum er talið að stuðningslán með ábyrgð ríkissjóð gætu samtals numið um 40 ma.kr. Ábyrgðunum er ætlað að liðka fyrir aðgangi minni rekstraraðila sem standa frammi fyrir tímabundnum rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins að lausu fé og gera þeim auðveldara um vik að standa straum af rekstrarkostnaði og draga þannig úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig.
- 1.3 Ráðherra var með fyrrnefndum lögum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum, þar á meðal uppgjör ábyrgða. Jafnframt kemur þar fram að í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans skuli greina nánar frá skilyrðum stuðningslána með ábyrgð ríkisins, meðal annars um að lántaki greiði ekki arð eða kaupir eigin hluti á meðan ríkisábyrgðar nýtur við, og skilyrðum sem lánastofnanir skuli uppfylla og hvernig reglubundinni skýrslugjöf lánastofnana skuli háttáð.

- 1.4 Hinn 25. maí 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna stuðningslána þeirra til rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- 1.5 Fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf hinn 29. maí 2020 út reglugerð um stuðningslán nr. 534/2020.
- 1.6 Með vísan til framangreindra lagaákvæða veitti fjármála- og efnahagsráðherra Seðlabankanum umboð með fyrrgreindum samningi til að fara með framkvæmd ábyrgða á stuðningslánum lánastofnana til rekstraraðila, eins og nánar greinir og með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á greiðslum sem kunna að falla á ríkissjóð á grundvelli ábyrgðanna.
- 1.7 Seðlabankanum var með samningi við fjármála- og efnahagsráðherra falið að semja við lánastofnanir um veitingu stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt þeim samningi er gert ráð fyrir að í samningum Seðlabankans við lánastofnanir komi fram að lánastofnanir skuli fara að lögum, reglum og samningum um ábyrgðir ríkissjóðs. Þá skuli í samningunum greint frá skilyrðum fyrir veitingu stuðningslána, uppgjöri ábyrgða og upplýsingagjöf eins og nánar greinir í samningi þessum.
- 1.8 Með samningi þessum er skapaður grundvöllur fyrir því að hrinda ofangreindu efnahagsúrræði vegna kórónaveirufaraldursins í framkvæmd með þeim skilyrðum sem fram koma í fyrrgreindum lagaákvæðum, samningi fjármála- og efnahagsráðherra við Seðlabankann, reglugerð um stuðningslán og samningi þessum milli Seðlabankans og Arion banka.

2. ÁBYRGÐ RÍKISSJÓÐS

- 2.1 Skipting heildarábyrgðar ríkissjóðs á milli lánastofnana ræðst af samþykktum umsóknum rekstraraðila hjá hverri lánastofnun.
- 2.2 Ríkissjóður ábyrgist að fullu stuðningslán að 10 millj. kr. til hvers rekstraraðila auk vaxta. Ríkissjóður ábyrgist 85% af þeirri fjárhæð stuðningsláns til tiltekins rekstraraðila sem er umfram 10 millj. kr auk vaxta og að hámarki 40 millj.kr

3. SKILYRÐI FYRIR VEITINGU ÁBYRGÐAR

- 3.1. Heimilt er að veita ábyrgðir vegna stuðningslána til rekstraraðila, sem hófu starfsemi fyrir 1. febrúar 2020 og bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er átt við starfsemi aðila sem greiðir laun skv. 1. og 2. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og er skráður á launagreiðendaskrá, svo og á virðisaukaskattskrá þegar það á við. Stofnanir, byggðasamlög og fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga geta ekki notið ábyrgðar.
- 3.2. Ábyrgðir taka til stuðningslána til rekstraraðila þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 3.2.1. Tekjur rekstraraðila á 60 daga samfelldu tímabili frá 1. mars til 30. september 2020 voru, eða fyrirséð er að þau verði, a.m.k. 40% lægri en á sama 60 daga tímabili 2019. Hafi hann hafið starfsemi svo seint að ekki er unnt að bera saman tekjur hans á sama 60 daga tímabili bæði ár skulu tekjur hans á 60 daga samfelldu tímabili 2020 bornar saman við meðaltekjur hans á 60 dögum frá því hann hóf starfsemi til loka febrúar 2020.
- 3.2.2. Rekstraraðili er ekki í vanskilum við lánastofnun sem hafa staðið lengur en 90 daga.
- 3.2.3. Rekstraraðili er ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga fyrir lok árs 2019 og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattsskýrslum, til Skattsins síðastliðin þrjú ár áður en umsókn barst eða síðan hann hóf starfsemi ef það var síðar. Að auki skal hann, eftir því sem við á og á sama tímabili, hafa staðið skil á ársreikningum, sbr. lög um ársreikninga, nr. 3/2006, upplýst um raunverulega eigendur, sbr. lög nr. 82/2019, og staðið skil á skýrslu um eignarhald á CFC-félagi, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1102/2013, um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum.
- 3.2.4. Rekstraraðili hefur ekki verið tekinn til slita eða bú hans til gjaldþrotaskipta.
- 3.3. Stuðningslán takmarkast við rekstraraðila hvers tekjur á rekstrarárinu 2019 voru að lágmarki 9 millj. kr. og að hámarki 1.200 millj. kr. Hafi hann hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll. Stuðningslán takmarkast jafnframt við rekstraraðila hvers launakostnaður á rekstrarárinu 2019 var a.m.k. 10% af rekstrarkostnaði hans sama ár. Hafi rekstraraðili hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna launa- og rekstrarkostnað þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.
- 3.4. Rekstraraðili skal staðfesta að tilgangur lánsins sé að greiða almennan rekstrarkostnað rekstraraðilans og að óheimilt sé að nota stuðningslán til að endurfjármagna eldri lán fyrir gjalddaga eða nota í annað en almennan rekstrarkostnað hans. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast t.a.m. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, húsaleiga, greiðsla gjaldfallinna vaxta og vanskilakostnaðar af öðrum lánnum en stuðningslánum, og gjaldfært viðhald en með almennum rekstrarkostnaði er vísað til 1. tölul. 31. tr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, að frátöldum niðurförslum og fyrningum eigna.
- 3.5. Skilyrði ábyrgðar er að rekstraraðili uppfylli hlutlæg viðmið sem fjármála- og efnahagsráðherra skilgreinir í reglugerð nr. 534/2020 um stuðningslán, og gefa tilefni til að ætla að hann verði rekstrarhæfur þegar bein áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru eru liðin hjá.
- 3.6. Rekstraraðili skal staðfesta að frá 1. mars 2020 hafi ekki verið greiddur út arður, óumsamdir kaupaukar, keypt eigin hlutabréf eða veitt eða greidd lán til eigenda eða nákominna aðila, eða innt af hendi greiðsla á víkjandi láni fyrir gjalddaga, eða greiddar neinar þær greiðslur til eigenda eða nákominna aðila sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi rekstraraðilans. Hann skal jafnframt skuldbinda sig til þess að svo verði ekki

út þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

4. LÁNSTÍMI, LÁNSKJÖR OG LÁNSFJÁRHÆÐIR

- 4.1. Hámarksfjárhæð á stuðningsláni til einstakra rekstraraðila getur numið allt að 10% af tekjum rekstraraðila á rekstrarárinu 2019, þó að hámarki 40 millj. kr. Hafi rekstraraðili hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.
- 4.2. Stuðningslán með fullri ábyrgð ríkissjóðs er óverðtryggt og ber vexti sem eru jafnháir vöxtum af sjö daga bundnum innlánnum lánastofnana hjá Seðlabanka Íslands hverju sinni. Nemi lánsfjárhæð stuðningsláns hærrí fjárhæð en 10 millj. kr. tekur Arion banki ákvörðun um kjör og skilyrði þess og er heimilt að reikna hóflegt álag á fyrrgreinda vexti á þann hluta stuðningsláns sem er hærrí en 10 millj. kr. Lánskjör Arion banka skulu þó bera þess merki að bankinn ber aðeins hluta áhættu við veitingu stuðningslánsins. Í því skyni að tryggja að stuðningur ríkisins gangi eins og frekast er unnt til rekstraraðila skal bankinn leggja mat á og geta rökstutt að lánskjör séu hagstæðari sökum ábyrgðarinnar, t.a.m. í samanburði við lán sem veitt er án ábyrgðar, og þá jafnframt með vísan til lækkunar stýrivaxta og bankaskatts
- 4.3. Arion banka er heimilt að innheimta þóknun, sem skal dregin frá upphæð stuðningsláns við útborgun þess, til að standa undir kostnaði við umsýslu stuðningslána. Fjárhæð hennar skal þó að hámarki vera 2% af höfuðstól stuðningsláns. Arion banka er ekki heimilt að taka aðra þóknun eða gjald fyrir afgreiðslu stuðningsláns.
- 4.4. Stuðningslán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Lánstími stuðningslána skal að lágmarki vera 30 mánuðir og er nánar kveðið á um lánstímann í reglugerð nr. 534/2020, um stuðningslán. Rekstraraðili getur fengið allt að tvö stuðningslán sem ríkissjóður ábyrgist að fullu og allt að tvö stuðningslán með 85% ábyrgð ríkissjóðs. Stuðningslán til hvers rekstraraðila geta þó samanlagt aldrei orðið hærrí en leiðir af samningi þessum.
- 4.5. Stuðningslán, að meðtöldum uppsöfnuðum vöxtum, skal að jafnaði endurgreitt með 12 jöfnum greiðslum síðustu 12 mánuði lánstímans, með fyrirvara um vanefndarúrræði Arion banka. Rekstraraðila er heimilt að greiða upp eða inn á stuðningslán án uppgreiðsluþóknunar hvenær sem er á lánstíma. Nákvæmari ákvæði um lánstíma stuðningslána og endurgreiðslu þeirra eru í reglugerð nr. 534/2020, um stuðningslán.

5. OFGREIÐSLA OG RANGAR EÐA ÓFULLNÆGIANDI UPPLÝSINGAR

- 5.1. Hafi rekstraraðili fengið stuðningslán umfram það sem hann átti rétt á ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með áföllnum vöxtum skv. gr. 4.2. Dráttarvextir skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, leggjast á kröfu um endurgreiðslu ef hún er ekki innt af hendi innan eins mánaðar frá því að Arion banki krafði rekstraraðila um endurgreiðslu.

- 5.2. Telji Arion banki að rekstraraðili hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar svo sektum eða fangelsi geti varðað skal bankinn kæra málið til lögreglu.

6. SKULDBINDINGAR REKSTRARAÐILA OG ARION BANKA

- 6.1. Umsókn um stuðningslán skal beint, í gegnum miðlæga þjónustugátt á Ísland.is, til Arion banka sem aðallánastofnunar rekstraraðila. Arion banki telst aðallánastofnun rekstraraðila ef þar var mest velta á innstæðum rekstraraðila síðustu tólf almanaksmánuði, eða þá heilu almanaksmánuði sem hefur starfað hafi hann starfað skemur en tólf almanaksmánuði. Hafi aðallánastofnun rekstraraðila ekki samið við Seðlabanka Íslands skal rekstraraðili velja til hvaða lánastofnunar, sem samið hefur við Seðlabankann, umsókn skuli beint til. Rekstraraðili skal staðfesta við umsókn að hann uppfylli lögbundin skilyrði eftir atvikum eins og þau eru útfærð í reglugerð fjármála- og efnahagsráðherra nr. 534/2020, um stuðningslán, að upplýsingar sem hann skilar og liggja til grundvallar ákvörðun fjárhæðar séu réttar og að honum sé kunnugt um að það geti varðað álagi, sektum eða fangelsi að veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.
- 6.2. Arion banki afgreiðir stuðningslán að 10 millj. kr. til rekstraraðila sem fullnægir skilyrðum og ákvarðar fjárhæð þess í samræmi við samning þennan. Arion banka er heimilt að veita rekstraraðila hærra stuðningslán ef það samræmist eftir atvikum skilyrðum samnings þessa og þeim viðmiðum sem Arion banki setur um veitingu slíkra lána. Fallist Arion banki á lánaumsókn rekstraraðila fer með útgreiðslu lánsins með sama hætti og varðandi önnur lán bankans gagnvart viðskiptamönnum sínum. Arion banki skal senda Seðlabanka Íslands yfirlit og frekari upplýsingar um veitt stuðningslán sem njóta ríkisábyrgðar samkvæmt samningi þessum fyrir lok hvers mánaðar. Nánara verklag og gögn sem fylgja skulu yfirliti um samþykkt stuðningslán með ríkisábyrgð mun Seðlabankinn senda Arion banka fyrir lok næsta mánaðar eftir undirritun samnings þessa. Stjórnarsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 140/2012, og lög um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, eiga ekki við um ákvarðanir um veitingu stuðningslána.
- 6.3. Arion banki hefur með höndum skjalagerð vegna stuðningslána sem og upplýsingagjöf til rekstraraðila. Skuldabréf vegna stuðningslána geta verið rafræn og skulu þau þá undirrituð með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB, sbr. lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019. Arion banki skal tryggja að rekstraraðili sem fengið hefur stuðningslán hafi aðgang að rafrænum kvittunum fyrir afborgunum og uppfærðum upplýsingum um eftirstöðvar og greiðslusögu lánsins á varanlegum miðli.
- 6.4. Arion banki skal tryggja eins og mögulegt er að lögbundin og samningsbundin skilyrði séu uppfyllt í tilviki hvers rekstraraðila sem nýtur stuðningsláns með ábyrgð ríkissjóðs í samræmi við samning þennan. Ríkisábyrgð vegna stuðningslána heldur gildi sínu gagnvart Arion banka þótt í ljós komi að stuðningslán hafi verið veitt án þess að öll skilyrði fyrir ríkisábyrgð hafi verið uppfyllt enda liggja fyrir staðfesting rekstraraðila samkvæmt ofangreindu og að ekki verði sýnt fram á að Arion banki hafi bersýnilega mátt ætla að umsókn byggðist á ófullnægjandi upplýsingum.

7. UPPGIÖR ÁBYRGÐA

- 7.1. Ríkissjóður ber að fullu ábyrgð á tapi af höfuðstól og vöxtum hvers stuðningsláns að 10 m. kr. en 85% sem er umfram 10 millj. kr. og að 40 millj. kr. auk vaxta.
- 7.2. Við greiðslur af hverju stuðningsláni lækkar fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs á viðkomandi stuðningsláni Arion banka.
- 7.3. Ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Arion banka vegna stuðningslána bankans til rekstraraðila á grundvelli samnings þessa er einföld ábyrgð. Arion banki skal nýta hefðbundin úrræði til að endurheimta stuðningslán í vanskilum og skal ábyrgð ríkissjóðs verða virk við höfðun máls, þ.e. við birtingu stefnu, vegna vanefnda rekstraraðila á ákvæðum lánessamningsins enda hafi málið verið höfðað innan gildistíma ábyrgðar sbr. grein 4.4. eða með birtingu greiðsluáskorunar sé um skuldabréf er að ræða. Eftir að ábyrgð ríkissjóðs hefur orðið virk við höfðun máls eða birtingu greiðsluáskorunar fellur ábyrgðin ekki niður á meðan innheimtu stuðningsláns er ólokið. Greiðsluskylda ríkissjóðs verður virk gagnvart Arion banka þegar innheimta stuðningslánsins er árangurslaus og fullreynt að ekki fáist greiðsla frá lántaka t.d. með árangurslausu fjárnámi. Verði endurheimtur á stuðningsláni eftir að ríkissjóður efnir greiðslu samkvæmt ábyrgðinni á ríkissjóður endurgreiðslukröfu á hendur Arion banka í samræmi við ábyrgðarhlutfall. Greiðslur lántaka renna fyrst til greiðslu innheimtukostnaðar, svo til greiðslu vaxta og þá afborgana af höfuðstól.
- 7.4. Arion banki skal senda Seðlabankanum formlega tilkynningu um greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart bankanum á grundvelli ábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Gögn um að innheimta stuðningslánsins hafi verið árangurslaus skulu fylgja tilkynningunni.
- 7.5. Uppgjör ábyrgða, þar sem greiðsluskylda ríkissjóðs hefur orðið virk skv. grein 7.3 og 7.4, skal eiga sér stað milli ríkissjóðs og Arion banka á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 2021.

8. SKIL Á UPPLÝSINGUM OG ÁRANGURSMAT

- 8.1. Arion banki mun veita Seðlabankanum reglulega upplýsingar á samræmdu formi, þar sem fram koma lykilupplýsingar um nýtingu úrræðisins, stöðu og þróun lánasafna stuðningslána með ábyrgð ríkissjóð auk lýsigagna. Jafnframt mun Arion banki veita Seðlabankanum þær upplýsingar sem Seðlabankinn óskar eftir á hverjum tíma sem nauðsynlegar eru vegna veittra stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs. Seðlabankinn mun vinna samantekt úr þessum skýrslum Arion banka og láta fjármála- og efnahagsráðuneytinu í té.
- 8.2. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun, á grundvelli upplýsinga sem Seðlabankinn móttækur frá Arion banka, birta opinberlega upplýsingar um lántaka sem njóta ábyrgðar, innan 12 mánaða frá því lán með ábyrgð er veitt. Arion banki skal varðveita öll gögn vegna stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs í 10 ár.

9. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD

- 9.1. Nefnd sem fjármála- og efnahagsráðherra skipar í samræmi við ákvæði til bráðabirgða II í lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, mun hafa eftirlit með framkvæmd stuðningslána.
- 9.2. Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd stuðningslána bæði frá Seðlabankanum og Arion banka. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra mun leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnarsýslulaga.

10. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNING ÞENNAN

- 10.1. Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

11. GILDISTAKA OG ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 11.1. Aðilar munu vinna að því að úrræði það sem samningi þessum er ætlað að koma á gagnist þeim rekstraraðilum sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, þannig að samræmist samningi þessum.
- 11.2. Aðilar skulu sjálfir bera kostnað og útgjöld sem þeir stofna til í tengslum við samning þennan, framkvæmd hans og þær ráðstafanir sem hér um ræðir.
- 11.3. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ákvæði samningsins skulu vera túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við íslensk lög.
- 11.4. Ágreiningsmál sem tengjast samningi þessum lúta lögsögu íslenskra dómstóla og skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 11.5. Samningur þessi inniheldur heildarsamkomulag aðila um samningsefnið og þau úrræði sem um ræðir. Samningurinn gildir frá undirritun.

Samningur þessi er samtals 9 blaðsíður.

Til staðfestu framangreindu og með fullri heimild undirrita aðilar samning þennan.

Reykjavík, 19. júní 2020

f.h. Seðlabanka Íslands

f.h. Arion banka hf.

SAMNINGUR UM VEITINGU
ÁBYRGÐA VEGNA STUÐNINGSLÁNA

milli

SEÐLABANKA ÍSLANDS

og

KVIKU BANKA HF.

23. júní 2020

Eftirfarandi aðilar gera með sér svohljóðandi samning :

Annars vegar:

Seðlabanki Íslands

kt. 560269-4129

Kalkofnsvegi 1,

150 Reykjavík.

(hér eftir „**Seðlabankinn**“)

og

hins vegar:

Kvika banki hf.,

kt. 540502-2930,

Katrínartrúni 2,

105 Reykjavík

(hér eftir „**Kvika banki**“ eða „**bankinn**“)

1. INNGANGUR

- 1.1 Með lögum nr. 38/2020, um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, var mælt fyrir um ríkisábyrgð að fullu eða að hluta af stuðningslánnum sem lánastofnanir veita til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru m.a. vegna samkomutakmarkana og krafna um að starfsemi yrði tímabundið hætt og að settum skilyrðum uppfylltum. Lánastofnun er fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- 1.2 Heimildin nær til þess að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs vegna stuðningslána þeirra til minni rekstraraðila sem orðið hafa fyrir verulegu og tímabundnu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, til að standa undir rekstrarkostnaði þeirra. Að teknu tilliti til líklegs heildarfjölda rekstraraðila sem standast skilyrði um tekjufall og sóst gætu eftir stuðningslánnum er talið að stuðningslán með ábyrgð ríkissjóð gætu samtals numið um 40 ma.kr. Ábyrgðunum er ætlað að liðka fyrir aðgangi minni rekstraraðila sem standa frammi fyrir tímabundnum rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins að lausu fé og gera þeim auðveldara um vik að standa straum af rekstrarkostnaði og draga þannig úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig.
- 1.3 Ráðherra var með fyrrnefndum lögum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum, þar á meðal uppgjör ábyrgða. Jafnframt kemur þar fram að í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans skuli greina nánar frá skilyrðum stuðningslána með ábyrgð ríkisins, meðal annars um að lántaki greiði ekki arð eða kaupir eigin hluti á meðan ríkisábyrgðar nýtur við, og skilyrðum sem lánastofnanir skuli uppfylla og hvernig reglubundinni skýrslugjöf lánastofnana skuli háttáð.

- 1.4 Hinn 25. maí 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna stuðningslána þeirra til rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- 1.5 Fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf hinn 29. maí 2020 út reglugerð um stuðningslán nr. 534/2020.
- 1.6 Með vísan til framangreindra lagaákvæða veitti fjármála- og efnahagsráðherra Seðlabankanum umboð með fyrrgreindum samningi til að fara með framkvæmd ábyrgða á stuðningslánum lánastofnana til rekstraraðila, eins og nánar greinir og með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á greiðslum sem kunna að falla á ríkissjóð á grundvelli ábyrgðanna.
- 1.7 Seðlabankanum var með samningi við fjármála- og efnahagsráðherra falið að semja við lánastofnanir um veitingu stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt þeim samningi er gert ráð fyrir að í samningum Seðlabankans við lánastofnanir komi fram að lánastofnanir skuli fara að lögum, reglum og samningum um ábyrgðir ríkissjóðs. Þá skuli í samningunum greint frá skilyrðum fyrir veitingu stuðningslána, uppgjöri ábyrgða og upplýsingagjöf eins og nánar greinir í samningi þessum.
- 1.8 Með samningi þessum er skapaður grundvöllur fyrir því að hrinda ofangreindu efnahagsúrræði vegna kórónaveirufaraldursins í framkvæmd með þeim skilyrðum sem fram koma í fyrrgreindum lagaákvæðum, samningi fjármála- og efnahagsráðherra við Seðlabankann, reglugerð um stuðningslán og samningi þessum milli Seðlabankans og Kviku banka.

2. ÁBYRGÐ RÍKISSJÓÐS

- 2.1 Skipting heildarábyrgðar ríkissjóðs á milli lánastofnana ræðst af samþykktum umsóknum rekstraraðila hjá hverri lánastofnun.
- 2.2 Ríkissjóður ábyrgist að fullu stuðningslán að 10 millj. kr. til hvers rekstraraðila auk vaxta. Ríkissjóður ábyrgist 85% af þeirri fjárhæð stuðningsláns til tiltekins rekstraraðila sem er umfram 10 millj. kr auk vaxta og að hámarki 40 millj.kr

3. SKILYRÐI FYRIR VEITINGU ÁBYRGÐAR

- 3.1. Heimilt er að veita ábyrgðir vegna stuðningslána til rekstraraðila, sem hófu starfsemi fyrir 1. febrúar 2020 og bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er átt við starfsemi aðila sem greiðir laun skv. 1. og 2. tölul. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og er skráður á launagreiðendaskrá, svo og á virðisaukaskattskrá þegar það á við. Stofnanir, byggðasamlög og fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga geta ekki notið ábyrgðar.
- 3.2. Ábyrgðir taka til stuðningslána til rekstraraðila þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 3.2.1. Tekjur rekstraraðila á 60 daga samfelldu tímabili frá 1. mars til 30. september 2020 voru, eða fyrirséð er að þau verði, a.m.k. 40% lægri en á sama 60 daga tímabili 2019. Hafi hann hafið starfsemi svo seint að ekki er unnt að bera saman tekjur hans á sama 60 daga tímabili bæði ár skulu tekjur hans á 60 daga samfelldu tímabili 2020 bornar saman við meðaltekjur hans á 60 dögum frá því hann hóf starfsemi til loka febrúar 2020.
- 3.2.2. Rekstraraðili er ekki í vanskilum við lánastofnun sem hafa staðið lengur en 90 daga.
- 3.2.3. Rekstraraðili er ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga fyrir lok árs 2019 og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattsskýrslum, til Skattsins síðastliðin þrjú ár áður en umsókn barst eða síðan hann hóf starfsemi ef það var síðar. Að auki skal hann, eftir því sem við á og á sama tímabili, hafa staðið skil á ársreikningum, sbr. lög um ársreikninga, nr. 3/2006, upplýst um raunverulega eigendur, sbr. lög nr. 82/2019, og staðið skil á skýrslu um eignarhald á CFC-félagi, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1102/2013, um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum.
- 3.2.4. Rekstraraðili hefur ekki verið tekinn til slita eða bú hans til gjaldþrotaskipta.
- 3.3. Stuðningslán takmarkast við rekstraraðila hvers tekjur á rekstrarárinu 2019 voru að lágmarki 9 millj. kr. og að hámarki 1.200 millj. kr. Hafi hann hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll. Stuðningslán takmarkast jafnframt við rekstraraðila hvers launakostnaður á rekstrarárinu 2019 var a.m.k. 10% af rekstrarkostnaði hans sama ár. Hafi rekstraraðili hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna launa- og rekstrarkostnað þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.
- 3.4. Rekstraraðili skal staðfesta að tilgangur lánsins sé að greiða almennan rekstrarkostnað rekstraraðilans og að óheimilt sé að nota stuðningslán til að endurfjármagna eldri lán fyrir gjalddaga eða nota í annað en almennan rekstrarkostnað hans. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast t.a.m. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, húsaleiga, greiðsla gjaldfallinna vaxta og vanskilakostnaðar af öðrum lánnum en stuðningslánum, og gjaldfært viðhald.
- 3.5. Skilyrði ábyrgðar er að rekstraraðili uppfylli hlutlæg viðmið sem fjármála- og efnahagsráðherra skilgreinir í reglugerð nr. 534/2020 um stuðningslán, og gefa tilefni til að ætla að hann verði rekstrarhæfur þegar bein áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru eru liðin hjá.
- 3.6. Rekstraraðili skal staðfestaað frá 1. mars 2020 hafi ekki verið greiddur út arður, óumsamdir kaupaukar, keypt eigin hlutabréf eða veitt eða greidd lán til eigenda eða nákominna aðila, eða innt af hendi greiðsla á víkjandi láni fyrir gjalddaga, eða greiddar neinar þær greiðslur til eigenda eða nákominna aðila sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi rekstraraðilans. Hann skal jafnframt skuldbinda sig til þess að svo verði ekki út þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

4. LÁNSTÍMI, LÁNSKJÖR OG LÁNSFJÁRHÆÐIR

- 4.1. Hámarksfjárhæð á stuðningsláni til einstakra rekstraraðila getur numið allt að 10% af tekjum rekstraraðila á rekstrarárinu 2019, þó að hámarki 40 millj. kr. Hafi rekstraraðili hafið starfsemi eftir 1. janúar 2019 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til loka febrúar 2020 á ársgrundvöll.
- 4.2. Stuðningslán með fullri ábyrgð ríkissjóðs er óverðtryggt og ber vexti sem eru jafnháir vöxtum af sjö daga bundnum innlánnum lánastofnana hjá Seðlabanka Íslands hverju sinni. Nemi lánsfjárhæð stuðningsláns hærrí fjárhæð en 10 millj. kr. er Kvikubanka heimilt að reikna hóflegt álag á fyrrgreinda vexti á þann hluta stuðningsláns sem er hærrí en 10 millj. kr. Lánskjör Kvikubanka skulu þó bera þess merki að bankinn ber aðeins hluta áhættu við veitingu stuðningslánsins. Í því skyni að tryggja að stuðningur ríkisins gangi eins og frekast er unnt til rekstraraðila skal bankinn leggja mat á og geta rökstutt að lánskjör séu hagstæðari sökum ábyrgðarinnar, t.a.m. í samanburði við lán sem veitt er án ábyrgðar, og þá jafnframt með vísan til lækkunar stýrivaxta og bankaskatts
- 4.3. Kvikubanka er heimilt að innheimta þóknun, sem skal dregin frá upphæð stuðningsláns við útborgun þess, til að standa undir kostnaði við umsýslu stuðningslána. Fjárhæð hennar skal þó að hámarki vera 2% af höfuðstól stuðningsláns. Kvikubanka er ekki heimilt að taka aðra þóknun eða gjald fyrir afgreiðslu stuðningsláns.
- 4.4. Stuðningslán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Lánstími stuðningslána skal að lágmarki vera 30 mánuðir og er nánar kveðið á um lánstímann í reglugerð nr. 534/2020, um stuðningslán. Rekstraraðili getur fengið allt að tvö stuðningslán sem ríkissjóður ábyrgist að fullu og allt að tvö stuðningslán með 85% ábyrgð ríkissjóðs. Stuðningslán til hvers rekstraraðila geta þó samanlagt aldrei orðið hærrí en leiðir af samningi þessum.
- 4.5. Stuðningslán, að meðtöldum uppsöfnuðum vöxtum, skal að jafnaði endurgreitt með 12 jöfnum greiðslum síðustu 12 mánuði lánstímans, með fyrirvara um vanefndarúrræði Kvikubanka. Rekstraraðila er heimilt að greiða upp eða inn á stuðningslán án uppgreiðsluþóknunar hvenær sem er á lánstíma. Nákvæmari ákvæði um lánstíma stuðningslána og endurgreiðslu þeirra eru í reglugerð nr. 534/2020, um stuðningslán.

5. OFGREIÐSLA OG RANGAR EÐA ÓFULLNÆGJANDI UPPLÝSINGAR

- 5.1. Hafi rekstraraðili fengið stuðningslán umfram það sem hann átti rétt á ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með áföllnum vöxtum skv. gr. 4.2. Dráttarvextir skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, leggjast á kröfu um endurgreiðslu ef hún er ekki innt af hendi innan eins mánaðar frá því að Kvika banki krafði rekstraraðila um endurgreiðslu.
- 5.2. Telji Kvika banki að rekstraraðili hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar svo sektum eða fangelsi geti varðað skal bankinn kæra málið til lögreglu.

6. SKULDBINDINGAR REKSTRARAÐILA OG KVIKU BANKA

- 6.1. Umsókn um stuðningslán skal beint, í gegnum miðlæga þjónustugátt á Ísland.is, til Kvikubanka sem aðallánastofnunar rekstraraðila. Kvikubanki telst aðallánastofnun rekstraraðila ef þar var mest velta á innstæðum rekstraraðila síðustu tólf almanaksmánuði, eða þá heilu almanaksmánuði sem hefur starfað hafi hann starfað skemur en tólf almanaksmánuði. Hafi aðallánastofnun rekstraraðila ekki samið við Seðlabanka Íslands skal rekstraraðili velja til hvaða lánastofnunar, sem samið hefur við Seðlabankann, umsókn skuli beint til. Rekstraraðili skal staðfesta við umsókn að hann uppfylli lögbundin skilyrði eftir atvikum eins og þau eru útfærð í reglugerð fjármála- og efnahagsráðherra nr. 534/2020, um stuðningslán, að upplýsingar sem hann skilar og liggja til grundvallar ákvörðun fjárhæðar séu réttar og að honum sé kunnugt um að það geti varðað álagi, sektum eða fangelsi að veita rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.
- 6.2. Kvikubanki afgreiðir stuðningslán að 10 millj. kr. til rekstraraðila sem fullnægir skilyrðum og ákvarðar fjárhæð þess í samræmi við samning þennan. Kvikubanka er heimilt að veita rekstraraðila hærra stuðningslán ef það samræmist eftir atvikum viðmiðum sem Kvikubanki setur um veitingu slíkra lána á grundvelli samnings þessa. Fallist Kvikubanki á lánaumsókn rekstraraðila fer með útgreiðslu lánsins með sama hætti og varðandi önnur lán bankans gagnvart viðskiptamönnum sínum. Kvikubanki skal senda Seðlabanka Íslands yfirlit og frekari upplýsingar um veitt stuðningslán sem njóta ríkisábyrgðar samkvæmt samningi þessum fyrir lok hvers mánaðar. Nánara verklag og gögn sem fylgja skulu yfirliti um samþykkt stuðningslán með ríkisábyrgð mun Seðlabankinn senda Kvikubanka fyrir lok næsta mánaðar eftir undirritun samnings þessa. Stjórnarsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 140/2012, og lög um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, eiga ekki við um ákvarðanir um veitingu stuðningslána.
- 6.3. Kvikubanki hefur með höndum skjalagerð vegna stuðningslána sem og upplýsingagjöf til rekstraraðila. Skuldabréf vegna stuðningslána geta verið rafræn og skulu þau þá undirrituð með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB, sbr. lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019. Kvikubanki skal tryggja að rekstraraðili sem fengið hefur stuðningslán hafi aðgang að rafrænum kvittunum fyrir afborgunum og uppfærðum upplýsingum um eftirstöðvar og greiðslusögu lánsins á varanlegum miðli.
- 6.4. Kvikubanki skal tryggja að lögbundin og samningsbundin skilyrði séu uppfyllt í tilviki hvers rekstraraðila sem nýtur stuðningsláns með ábyrgð ríkissjóðs í samræmi við samning þennan. Ríkisábyrgð vegna stuðningslána heldur gildi sínu gagnvart Kvikubanka þótt í ljós komi að stuðningslán hafi verið veitt án þess að öll skilyrði fyrir ríkisábyrgð hafi verið uppfyllt enda liggja fyrir staðfesting rekstraraðila samkvæmt ofangreindu og að ekki verði sýnt fram á að Kvikubanki hafi bersýnilega mátt ætla að umsókn byggðist á ófullnægjandi upplýsingum.

7. UPPGIÖR ÁBYRGÐA

- 7.1. Ríkissjóður ber að fullu ábyrgð á tapi af höfuðstól og vöxtum hvers stuðningsláns að 10 m. kr. en 85% sem er umfram 10 millj. kr. og að 40 millj. kr. auk vaxta.
- 7.2. Við greiðslur af hverju stuðningsláni lækkar fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs á viðkomandi stuðningsláni Kviku banka.
- 7.3. Ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Kviku banka vegna stuðningslána bankans til rekstraraðila á grundvelli samnings þessa er einföld ábyrgð. Kvika banki skal nýta hefðbundin úrræði til að endurheimta stuðningslán í vanskilum og skal ábyrgð ríkissjóðs verða virk við höfðun máls, þ.e. við birtingu stefnu, vegna vanefnda rekstraraðila á ákvæðum lánessamningsins enda hafi málið verið höfðað innan gildistíma ábyrgðar sbr. grein 4.4. eða með birtingu greiðsluáskorunar sé um skuldabréf er að ræða. Eftir að ábyrgð ríkissjóðs hefur orðið virk við höfðun máls eða birtingu greiðsluáskorunar fellur ábyrgðin ekki niður á meðan innheimtu stuðningsláns er ólokið. Greiðsluskylda ríkissjóðs verður virk gagnvart Kviku banka þegar innheimta stuðningslánsins er árangurslaus og fullreynt að ekki fáist greiðsla frá lántaka t.d. með árangurslausu fjárnámi. Verði endurheimtur á stuðningsláni eftir að ríkissjóður efnir greiðslu samkvæmt ábyrgðinni á ríkissjóður endurgreiðslukröfu á hendur Kviku banka í samræmi við ábyrgðarhlutfall. Greiðslur lántaka renna fyrst til greiðslu innheimtukostnaðar, svo til greiðslu vaxta og þá afborgana af höfuðstól.
- 7.4. Kvika banki skal senda Seðlabankanum formlega tilkynningu um greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart bankanum á grundvelli ábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Gögn um að innheimta stuðningslánsins hafi verið árangurslaus skulu fylgja tilkynningunni.
- 7.5. Uppgjör ábyrgða, þar sem greiðsluskylda ríkissjóðs hefur orðið virk skv. grein 7.3 og 7.4, skal eiga sér stað milli ríkissjóðs og Kviku banka á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 2021.

8. SKIL Á UPPLÝSINGUM OG ÁRANGURSMAT

- 8.1. Kvika banki mun veita Seðlabankanum reglulega upplýsingar á samræmdu formi, þar sem fram koma lykilupplýsingar um nýtingu úrræðisins, stöðu og þróun lánasafna stuðningslána með ábyrgð ríkissjóð auk lýsigagna. Jafnframt mun Kvika banki veita Seðlabankanum þær upplýsingar sem Seðlabankinn óskar eftir á hverjum tíma sem nauðsynlegar eru vegna veittra stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs. Seðlabankinn mun vinna samantekt úr þessum skýrslum Kviku banka og láta fjármála- og efnahagsráðuneytinu í té.
- 8.2. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun, á grundvelli upplýsinga sem Seðlabankinn móttækur frá Kviku banka, birta opinberlega upplýsingar um lántaka sem njóta ábyrgðar, innan 12 mánaða frá því lán með ábyrgð er veitt. Kvika banki skal varðveita öll gögn vegna stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs í 10 ár.

9. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD

- 9.1. Nefnd sem fjármála- og efnahagsráðherra skipar í samræmi við ákvæði til bráðabirgða II í lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, mun hafa eftirlit með framkvæmd stuðningslána.
- 9.2. Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd stuðningslána bæði frá Seðlabankanum og Kvikubanka. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra mun leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnarsýslulaga.

10. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNING ÞENNAN

- 10.1. Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

11. GILDISTAKA OG ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 11.1. Aðilar munu vinna að því að úrræði það sem samningi þessum er ætlað að koma á gagnist þeim rekstraraðilum sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, þannig að samræmist samningi þessum.
- 11.2. Aðilar skulu sjálfir bera kostnað og útgjöld sem þeir stofna til í tengslum við samning þennan, framkvæmd hans og þær ráðstafanir sem hér um ræðir.
- 11.3. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ákvæði samningsins skulu vera túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við íslensk lög.
- 11.4. Ágreiningsmál sem tengjast samningi þessum lúta lögsögu íslenskra dómstóla og skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 11.5. Samningur þessi inniheldur heildarsamkomulag aðila um samningsefnið og þau úrræði sem um ræðir. Samningurinn gildir frá undirritun.

Samningur þessi er samtals 9 blaðsíður.

Til staðfestu framangreindu og með fullri heimild undirrita aðilar samning þennan.

Reykjavík, 23. júní 2020

f.h. Seðlabanka Íslands

f.h. Kviku banka hf.